

**Kæru útskriftarefni, formaður skólanefndar, starfsmenn VA,
aðstandendur og aðrir góðir gestir**

Ég býð ykkur öll velkomin á útskrift þessa magnaða hóps sem hjá mér situr hér á sviðinu.

Í dag er hátíðisdagur fyrir alla því stóru markmiði hefur verið náð. Því ber að fagna.

Hvert skref sem tekið er í átt að settu marki er sigur í sjálfu sér og þið, kæru útskriftarnemar hafið á undanförnum árum unnið marga slíka sigra.

Það góða við sigurstund eins og hér í dag er að það tapar enginn, allir hafa náð settu marki.

Við, starfsfólk VA, glímum reyndar alltaf við eftirsjá á þessum degi, eftirsjá eftir þeim nemendum sem kveðja skólann í dag. Nemendum sem við höfum fylgst með og glaðst með þegar sigrar voru unnir einn af öðrum. En við erum líka stolt í dag, stolt af því að sjá ykkur brautskrást og þar með ná þeim áfanga sem þið stefnduð að þegar þið hófuð nám við skólann.

Skólastarf er alltaf viðburðaríkt og breytingum háð, hvort sem er í nemendahópnum eða viðfangsefnum líðandi stundar. Er óhætt að segja að skólaárið sem er senn á enda hafi verið viðburðaríkt eins og fyrri skólaár ... en að sama skapi ansi mikið „öðruvísi.“

Við höfum skólaárið sem nú er senn á enda með óvenjulegum hætti – við byrjuðum á því að fresta upphafi þess.

Sóttvarnaráðstafanir kröfðust aukins undirbúningstíma og allt var sett á fullt skrið við að undirbúa skólastarfið með tilliti til þessa.

Umfangsmikil fræðsla fór fram og held ég að óhætt sé að segja að nemendur og starfsfólk VA kunni í dag að meðhöndla grímur og aðrar sóttvarnir með miklum glæsibrag. Þegar á leið varð ljóst að þetta yrði vetur breytinganna – því sóttvaranráðstafanir breyttust eins og enginn væri morgundagurinn, allt eftir því hvernig ónefnd veira hegðaði sér í samfélaginu hverju sinni.

Í byrjun októbermánaðar skullu á framhaldsskólum landsins mjög takmarkandi reglur sem höfðu þær afleiðingar að allt bóknám þurfti að færa yfir í fjarnám. Verklegu námi gátum við haldið í staðnámi og einnig tókst að slá vörð um staðnám á starfsbraut og framhaldsskólabraut. Til að geta haldið þessu til streitu er óhætt að segja að hafi reynt á útsjónarsemi starfsfólks, smíðaðir voru veggir til að skilgreina sóttvarnahólf og heilu iðndeildirnar fluttar á milli húsa. Á þessari línu var skólastarfið út haustönnina.

Þrátt fyrir að aðstæður hafi reynt á bæði nemendur og starfsfólk þá kemur eitthvað gott út úr öllu – líka þessu!

Það er óhætt að segja að gríðarleg skólaþróun hafi átt sér stað í þessum miklu breytingum. Héldu starfsmenn VA meðal annars fræðsludag í því skyni að geta náð sem best vopnum sínum til að

takast á við breyttar aðstæður. Á þessum fræðsludegi deildu starfsmenn hver með öðrum ýmsum ráðum, tækjum og tólum sem hægt er að nýta í fjarnámi. Þarna mátti sjá, enn og aftur, að hversu miklum mannauði skólinn býr og þvítík þekking og hæfni er til staðar innan veggja hans.

Ekki stóðu nemendur sig síður vel í sínum krefjandi aðstæðum. Við getum svo sannarlega verið stolt af unga fólkinu okkar sem hefur tekist á við aðstæðurnar af seiglu og æðruleysi. Í hvert skipti sem aðstæður leyfðu stökk nemendafélagið til og skipulagði dagskrá í raunheimum og þegar aðstæður leyfðu ekki slíkan munað var skellt í rafræna viðburði. Það er ekkert minna en frábært að fylgjast með unga fólkinu okkar sníða sér listilega stakka eftir síbreytilegum kröfum reglugerðanna sem litu dagsins ljós.

Þegar líða tók að lokum haustannar var okkur orðið ljóst að skólastarfið mundi búa við takmarkanir út allt skólaárið.

Þá var sest á rökstólana, hvað væri nú til ráða. Því eins mikilvægt og það var að standa vörð um námið á þeim námsbrautum sem hvað síst gátu verið í fjarnámi þá er framhaldsskóli svo mikið meira en nám og námsbrautir. Við vildum því leita leiða til að tryggja nemendum okkar staðnám, óháð námsleiðum. Nokkrir starfsmenn settust þá við teikniborðið – markmiðið var að draga upp mynd sem væri afar þolin gagnvart takmörkunum sóttvarnareglugerða. Mynd sem gæfi öllu unga fólkinu okkar tækifæri til að mæta í skólann sinn. Það tókst!

Vinnustofukerfi, eins og við höfum kallað það, leit dagsins ljós. Kerfi sem reyndi með öðrum hætti á nemendur og kennara en hefðbundna fyrirkomulagið – en að sama skapi kerfi sem kallaði á aukið sjálfstæði, ábyrgð og skipulagningu nemenda. Enn og aftur sýndi það sig hversu magnað skólasamfélag VA er. Skólanum var snúið þarna á punktinum og allir lögðu sitt af mörkum. Óhætt er að segja að nemendur og starfsfólk hafi aðlagð sig að þessum umfangsmiklu breytingum á ljóshraða.

Við náðum markmiði okkar og var fullu staðnámi haldið úti á öllum brautum sem bjóða slíkt námsform alla vorönnina.

Þegar líða tók á vorið var tímabært að vega og meta þær breytingar sem átt höfðu sér stað. Voru þær komnar til að vera? Ættum við að snúa til baka? Eða ættum við að halda áfram á sömu braut og slípa nýja kerfið okkar til?

Til að tryggja faglega ákvarðanatöku var lagt í víðtækt mat og sýndu niðurstöðurnar okkur með óyggjandi hætti að mikill vilji væri fyrir því að halda áfram á sömu braut. Því eru starfsmenn nú aftur komnir að teikniborðinu og slípa til þá mynd sem teiknuð var um jólaleitið og verður haldið áfram með vinnustofur á komandi skólaári. Að sjálfsögðu verður kerfið aðlagð að því sem fram kom í mati á kerfinu en við erum ekki á leiðinni í gamla farið. Gríðarlega kröftug skólapróun er hafin og getum við líka fagnað þeim jákvæðu áhrifum sem ástandið á undanförunum önnum hafði á skólapróun – sem

einfaldlega varð á ljóshraða í skólum landsins. Sagði einhver að skólar breyttust hægt! 😊

Þetta breytta fyrirkomulag náms og kennslu felur í sér að kennarinn verður meira í leiðsagnarhlutverki um frumskóg faggreinanna og vinnubrögð nemenda einkennast meira af verkefnumiðuðu námi. Stjórn á eigin námi eykst til mikilla muna og tími nemenda í hverja námsgrein eða verkefni fer miðað við þekkingu, leikni og hæfni hvers og eins.

Er þessi breyting í takt við breyttar áherslu í skólastarfi þar sem kallið á hæfnimiðað nám verður sífellt háværra, að hæfnin verði grundvallareining í stað tíma. Enda gömul sannindi og ný að tíminn sé afstæður.

Að vanda brautskráist fjölbreyttur hópur nemenda frá VA og endurspeglar hópurinn hið fjölbreytta námsframboð skólans. Það er sérstaklega gaman að geta þess að í dag brautskrást fyrstu nemendurnir af rafvirkjabraut sem hafa stundað nám sitt í dreifnámi. Dreifnámið er blanda af fjarnámi og staðnámi og er ætlað að koma til móts við þarfir nemenda sem stunda námið samhliða starfi.

Í skóla eins og okkar sem er lítil þegar horft er til nemendafjölda en stór þegar horft er til fjölbreytileika náms þarf sífellt að leita leiða til að standa vörð um fjölbreytileikann. Þar sem boðið er upp á margar námsbrautir er alltaf hætt við að námshópar verði svo fámennir að

erfitt verði að halda náminu úti. Þar kemur vinnustofukerfið sterkt inn því það býður upp á samkenndu í fámennum greinum sem ekki er sjálfgefið í hinu hefðbundna kerfi. Að sama skapi eykur það aðgengi nemenda að kennurum. Geta þeir fyrir vikið frekar nýtt sér fjarnámsáfangu og þannig aukið valmöguleika sína án þess að fara á mis við mikilvægan stuðning frá kennurum.

Ég gæti eflaust staðið hér langt fram eftir degi og dásamað skólann okkar og þá fjölbreytni og grósku sem þar á sér stað. Okkur var ýtt ansi hratt af stað, þar sem ytri aðstæður kröfðust aðlögunar að breyttu og takmarkandi umhverfi – og það strax. Það breytir því þó ekki að áhrifin tel ég hafa verið góð og er ég sannfærð um að vegferð VA yfir í nemendastýrðara umhverfi sé bara rétt að hefjast.

Það var nú ekki ætlun mín að standa hér í allan dag, fleiri þurfa að komast að og brautskráning er framundan.

Kæru nemendur! Til hamingju með að ljúka námi ykkar í þeim stífu skorðum sem aðstæður undanfarinna missera hafa sett ykkur. Fyrir að hafa ekki látið deigan síga heldur haldið ykkar striki.

Næst á svið eru þau Ísabella Danía Heimisdóttir og Óskar Sveinsson, nemendur í VA, sem munu flytja okkur lagið **Við gengum tvö**.

Höfundur lags er Sigfús Halldórsson og texti er eftir Valdimar Hólm Hallstað.

Gjörðið svo vel.

Lokakveðja

Kæru nemendur!

Dagurinn í dag boðar nýja framtíð. Þið eigið að vera stolt og ánægð með ykkur sjálf, við erum það svo sannarlega. Þið hafið nú lokið áfanga í lífi ykkar og nýjar áskoranir taka við. Hvert sem lífið leiðir ykkur munið að vera þið sjálf, fylgið hjartanu og veljið ykkur þann farveg í lífinu sem veitir ykkur lífsfyllingu.

Í lokin vil ég gefa ykkur heilræði sem hefur reynst mér gott veganesti í lífinu. Verið aldrei hrædd við að mistakast!

Ef þið kjósið að nýta mistök til að læra af þeim munu þau leiða ykkur áfram í átt til árangurs.

Ég bið ykkur nú að njóta dagsins með fjölskyldum ykkar og vinum – í dag er sannarlega tækifæri til þess að lifa í núinu. Við skulum ganga saman út í sumarið og fagna bjartri framtíð ykkar og okkar allra.

Ég segi 35. starfsári Verkmenntaskóla Austurlands lokið og skólanum slitið.

Ég vil biðja gesti að gefa sér tíma í að yfirgefa salinn svo hægt sé að halda góðri fjarlægð á milli ótengdra aðila á leiðinni út.

Brautskráningarnemar munu ganga út úr húsinu að vestanverðu.

Takk fyrir að vera með okkur hér í dag.